VEGAGERÐIN

# Framkvæmda-fréttir 10. tbl. /08



*Vegagerð í Héðinsfirði.*

## Auglýsingar útboða

### Meðallandsvegur (204) sunnan Fossa 08-067

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í endurgerð 4,5 km langs kafla Meðallandsvegar, sunnan við bæinn Fossa.

Helstu magntölur eru:

| | |
|---|---|
| Skering | 8.500 m³ |
| Fylling | 5.000 m³ |
| Fláafleygar | 3.500 m³ |
| Neðra burðarlag | 12.000 m³ |
| Efra burðarlag | 3.800 m³ |
| Tvöföld klæðing | 29.000 m² |
| Frágangur fláa | 45.000 m² |

Verkinu skal að fullu lokið 1. september 2008.

Útboðsgögnin verða seld hjá Vegagerðinni Breiðumýri 2 á Selfossi og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með mánudeginum 14. apríl 2008. Verð útboðsgagna er 4.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 29. apríl 2008 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

### Vestfjarðavegur (60) um Tunguá 08-019

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í endurbyggingu á um 300 m kafla Vestfjarðavegar (60) um Tunguá. Í Tunguá verður byggt um 58,5 m langt stálbogaræsi með steyptum sökklum.

Helstu magntölur:

| | |
|---|---|
| Fylling og fláafleygar | 5.500 m³ |
| Burðarlag | 630 m³ |
| Frágangur fláa | 4.300 m² |
| Lögn stálplöturæsis | 58,5 m |
| Steinsteypa | 82 m³ |
| Járnalögn | 7.800 kg |

Verkinu skal að fullu lokið 15. september 2008.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Dagverðardal á Ísafirði, Borgarbraut 66 í Borgarnesi og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með mánudeginum 14. apríl 2008. Verð útboðsgagna er 4.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 29. apríl og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

**Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar 10. tbl. 16. árg. nr. 495 14. apríl 2008**

Ritstjórn og umsjón útgáfu: **Viktor Arnar Ingólfsson**
Ábyrgðarmaður: **Gunnar Gunnarsson**
Prentun: **Gutenberg**

Ósk um áskrift sendist til: **Vegagerðin Framkvæmdafréttir Borgartúni 7 105 Reykjavík** eða **vai@vegag.is**

Vegagerðin gefur út Framkvæmdafréttir til að kynna útboðsframkvæmdir fyrir verktökum. Fyrirhuguð útboð eru kynnt, útboðsauglýsingar eru birtar og greint er frá niðurstöðum og samningum. Auk þess er í blaðinu annað það fréttaefni sem verður til hjá stofnuninni og talið er að eigi erindi til verktaka. Áskrifendur eru m.a. verktakar, verkfræðistofur og fjölmiðlar. Áskrift er endurgjaldslaus.

## Dettifossvegur (862), Hringvegur - Dettifoss

Í síðasta tölublaði var auglýst útboð syðri hluta Dettifossvegar (862). Dettifossvegur liggur frá Hringvegi norður að Dettifossi og verður um 21,1 km langur. Einnig skal legga um 2,8 km langa vegtengingu að Dettifossi og 1,3 km langa vegtengingu að Hafragilsfossi. Gera skal tvö útskot og einn áningarstað við Dettifossveg og jafnframt bílastæði við Hafragilsfoss og Dettifoss. Vegirnir skulu lagðir klæðingu sem og útskot, áningarstaður og bílastæði við Hafragilsfoss, en bílastæði við Dettifoss skal malbikað.

Verkinu öllu skal að fullu lokið fyrir 1. október 2009.

Skila skal tilboðum þriðjudaginn 20. maí 2008.

Á blaðsíðu 4 er kort sem sýnir legu vegarins miðað við Mývatn og Öxarfjörð

**Loftmynd: Loftmyndir ehf.**







*Staða framkvæmda við Héðinsfjarðargöng 7. apríl. 2008. Búið er að sprengja 3.640 m í Siglufirði og 2.768 m í Ólafsfirði.*




## Héðinsfjarðargöng

Í viku 14 var enn unnið við bergstyrkingar við og umhverfis munna ganga í vestanverðum Héðinsfirði. Ólafsfjarðarmegin gekk gangagröftur ágætlega þegar líða tók á vikuna og lengdust göngin um 56 m. Lengd ganga þeim megin er nú 2.768 m. Samtals er því búið að sprengja 6.408 m eða um 60,6% af heildarlengd.




*Samtals er búið að sprengja 6.408 m sem er 60,6 % af heildarlengd.*


Öxarfjörður
ÍSLAND
Tjörnes
Kelduhverfi
Núpar
Sandfell
Þverfell
Hafrafell
Tunguheiði
Skinnastaðir
Garður
Búrfell
Sauðhnjúkur
Gagndagahnjúkur
Þeistareykjabunga
Mælifell
Kistufjall
Stóravíti
Mófell
Bæjarfjall
Vesturdalur
Hólmatungur
Dettifossvegur (862),
Hringvegur - Dettifoss
ÚTBOÐS-
KAFLI
Grjótháls
Dettifoss
Langavatnsheiði
Náma I
Náma H
Náma G
Náma F
Náma E
Náma D
Náma C
Náma B
Náma A
Gæsafjöll
Litla-Krafla
Krafla
Hlíðarfjall
Laxárdalur
Búrfellshraun
Hrossaborg
Hofstaða-
heiði
Búrfell
Villingafjall



*Fimmtudaginn 3. apríl var haldið upp á að nú eru verktakar við Héðinsfjarðargöng, Háfell og Metrostav, komnir í gegn frá Siglufirði til Héðinsfjarðar. Myndin er tekin í Héðinsfirði. Frá vinstri talið: Jón Rögnvaldsson vegamálastjóri og samgönguráðherrarnir Sturla Böðvarsson, Kristján Möller og Halldór Blöndal.*

## Auglýsingar útboða

### Hvammstangavegur (72) um Hvammstanga 07-009

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í endurbætur á Hvammstangavegi í gegnum Hvammstanga á um 1.320 m kafla. Hluti verksins er endurnýjun fráveitulagnar og stofnlagnar vatnsveitu.

Helstu magntölur:

| | |
|---|---|
| Ónothæfu efni ekið á losunarstað | 2.200 $m^3$ |
| Burðarlag | 1.800 $m^3$ |
| Einföld klæðing | 2.500 $m^2$ |
| Stungumalbik | 8.500 $m^2$ |
| Fínfræsun stungumalbiks | 2.800 $m^2$ |
| Sögun malbiks | 2.400 m |
| Steyptar gangstétar | 610 $m^2$ |
| Kantsteinar | 790 m |
| Eyjar með steinlögðu yfirborði | 100 $m^2$ |
| Gröftur lagnaskurða | 720 m |
| Endurnýjun fráveitulagnar | 40 m |
| Endurnýjun vatnslagnar | 540 m |

Verkinu skal að fullu lokið 15. september 2008.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Dagverðardal á Ísafirði, Borgarsíðu 8 á Sauðárkróki og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með mánudeginum 14. apríl 2008. Verð útboðsgagna er 4.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 29. apríl 2008 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

### Reykjanesbraut (41), gatnamót við Vífilsstaðaveg, eftirlit 08-064

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í eftirlit með gerð mislægra gatnamóta á Reykjanesbraut (41) við Vífilsstaðaveg.

Verkið felst í gerð mislægra gatnamóta, á mótum Reykjanesbrautar og Vífilsstaðavegar. Breyta skal legu núverandi Vífilsstaðavegar og gera tvö hringtorg, sitt hvoru megin við Reykjanesbraut og tengja hringtorgin við Reykjanesbraut með gerð fjögurra að/fráreina. Auk þess skal gera stálbogagöng undir Vífilsstaðaveg vestan gatnamótanna. Einnig skal leggja gangstíga, steypa stoðveggi og tröppur, leggja nýjar lagnir og breyta eldri lögnum ásamt nauðsynlegri landmótun til að ljúka verkinu.

Gatnamótin skulu vera tilbúin til notkunar 1. nóvember 2008. Áætlað er að verkinu öllu verði að fullu lokið 10. júlí 2009.

Val bjóðanda fer fram á grundvelli hæfnisvals og verðs og ber bjóðanda að leggja fram tilboð sitt í tveimur hlutum, þ.e. upplýsingar um hæfni bjóðanda og verðtilboð.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með mánudeginum 14. apríl 2008. Verð útboðsgagna er 4.000 kr.

Skila skal tilboðum á sama stað fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 29. apríl 2008 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag og lesið upp hverjir hafa skilað inn tilboðum.

Síðari opnunarfundur verður þriðjudaginn 6. maí 2008 kl.14:15, þar sem lesnar verðar upp einkunnir bjóðenda í hæfnismati og verðtilboð opnuð.



*Þriðjudaginn 8. apríl var skrifað undir verksamning vegna Bolungarvíkurganga í ráðhúsinu í Bolungarvík. Á myndinni eru frá vinstri talið: Kristján Möller samgönguráðherra, Jón Rögnvaldsson vegamálastjóri, Gunnar Sverrisson forstjóri Íslenskra aðalverktaka og Sigurður Sigurðsson yfirmaður mannvirkjasviðs Íslenskra aðalverktaka.*

# Yfirlit yfir útboðsverk

Þessi listi er stöðugt til endurskoðunar og geta dagsetningar og annað breyst fyrirvaralaust.
Það eru auglýsingar útboða sem gefa endanlegar upplýsingar.
Fremst í lista er númer útboðs í númerakerfi framkvæmdadeildar.
Rautt númer = nýtt á lista

| Fyrirhuguð útboð | | Auglýst: dagur, mánuður, ár |
|---|---|---|
| 08-066 | Landeyjahöfn, hafnar- og vegagerð, eftirlit | 08 |
| 08-062 | Kjósarskarðsvegur (48), Meðalfellsvegur - Þingvallavegur | 08 |
| 08-060 | Arnarnesvegur (411), Rjúpnavegur - Breiðholtsbraut, hönnun | 08 |
| 08-059 | Arnarnesvegur (411), Reykjanesbraut - Fífuhvammsvegur, hönnun | 08 |
| 08-057 | Suðurstrandarvegur (427), Krísuvíkurvegur - Þorlákshafnarvegur, eftirlit | 08 |
| 08-015 | Strandavegur (643) í Bjarnarfirði | 08 |
| 08-033 | Hringvegur (1) um Hornafjarðarfljót | 08 |
| 08-034 | Rangárvallavegur (264), Hringvegur - Minna Hof | 08 |
| 08-054 | Hringvegur (1), Norðlingavað - Nesbraut | 08 |
| 08-052 | Reykjanesbraut (41), Kaldárselsvegur - Krýsuvíkurvegur | 08 |
| 08-032 | Bræðratunguvegur (359) um Hvítá | 08 |
| 08-026 | Reykjabraut (724), Hringvegur - Svínvetningabraut | 08 |
| 08-025 | Vatnsdalsvegur (722), Hof - Hjallaland | 08 |
| 08-023 | Vestfjarðavegur (60) um Hjarðardalsá | 08 |
| 08-055 | Reykjanesbraut (41), undirgöng við Hafnaveg | 08 |
| 08-022 | Vestfjarðavegur (60), Kjálkafjörður - Vatnsfjörður | 08 |
| 08-021 | Vestfjarðavegur (60), Gufudalssveit | 08 |
| 08-042 | Breikkun Hringvegar (1) á Norðvestursvæði 2008-2009, 1. áfangi | 08 |
| 08-036 | Suðurstrandarvegur (427), Ísólfsskáli - Krísuvíkurvegur | 08 |

| Fyrirhuguð útboð, framhald | | Auglýst: |
|---|---|---|
| 08-051 | Keflavíkurvegur (424), Reykjanesbraut - Njarðarbraut | 08 |
| 08-018 | Snæfellsnesvegur (54) um Fróðárheiði | 08 |
| 08-031 | Fjallabaksleið nyrðri (F208) og Sprengisandsleið (F26) | 08 |
| 08-016 | Hringvegur (1) um Blönduós | 08 |
| 08-046 | Vetrarþjónusta Norðvestursvæði, Bíldudalur - Brjánslækur 2008-2011 | 08 |
| 08-030 | Yfirlagnir Suðursvæði 2008, malbik | 08 |
| 08-040 | Yfirlagnir Norðaustursvæði 2008, malbik | 08 |
| 08-035 | Festun og yfirlögn á Suðursvæði 2008 | 08 |
| 08-045 | Efnisvinnsla Norðvestursvæði 2008-2009, vesturhluti | 08 |
| 08-044 | Efnisvinnsla Norðvestursvæði 2008-2009, norðurhluti | 08 |
| 08-039 | Yfirlagnir Norðaustursvæði 2008-2009, norðurhluti, klæðing | 08 |
| 08-029 | Efnisvinnsla Suðursvæði 2008 | 08 |
| 08-012 | Norðausturvegur (85), Bunguflói - Vopnafjörður | 08 |
| 08-011 | Kísilvegur (87) á Hólasandi | 08 |
| 08-010 | Hringvegur (1), Valtýskambur - Sandbrekka | 08 |
| 08-009 | Hófaskarðsleið, Raufarhafnartenging | 08 |
| 08-008 | Hringvegur (1), breikkun í Öxnadal | 08 |
| 08-007 | Illugastaðavegur (833), slitlagsendi - Illugastaðir | 08 |
| 08-006 | Borgarfjarðarvegur (94), Lagarfossvegur - Unaós | 08 |
| 08-005 | Hringvegur (1), Litla Sandfell - Haugaá | 08 |
| 08-002 | Hörgárdalsvegur (815), Skriða - Björg | 08 |
| 07-089 | Dettifossvegur (862), Dettifoss - Norðausturvegur | 08 |



*Við gangamunna í Héðinsfirði fimmtudaginn 3. apríl.*

| Fyrirhuguð útboð, framhald | Auglýst: |
|---|---|
| 07-084 Suðurstrandarvegur (427), Krísuvíkurvegur - Þorlákshafnarvegur | 08 |
| 07-039 Álftanesvegur (415), Hafnarfjarðarvegur - Bessastaðavegur | 08 |
| 07-040 Álftanesvegur (415), Hafnarfjarðarvegur - Bessastaðavegur, eftirlit | 08 |
| 06-006 Uppphéraðsvegur (931), Fellabær - Ekkjufell | 08 |
| 07-012 Skagavegur (745) um Króksbjarg | 08 |

| Auglýst útboð | Auglýst: | Opnað: |
|---|---|---|
| 07-009 Hvammstangavegur (72) um Hvammstanga | 14.04.08 | 29.04.08 |
| 08-019 Vestfjarðavegur (60) um Tunguá | 14.04.08 | 29.04.08 |
| 08-064 Reykjanesbraut (41), gatnamót við Vífilsstaðaveg, eftirlit | 14.04.08 | 29.04.08 |
| 08-067 Meðallandssvegur (204), sunnan Fossa | 14.04.08 | 29.04.08 |
| 08-063 Landeyjahöfn, hafnar- og vegagerð | 14.04.08 | 05.06.08 |
| 07-090 Lyngdalsheiðarvegur (365), Þingvallavegur - Laugarvatnsvegur | 07.04.08 | 20.05.08 |
| 08-056 Lyngdalsheiðarvegur (365), eftirlit | 07.04.08 | 20.05.08 |
| 06-007 Dettifossvegur (862), Hringvegur - Dettifoss | 07.04.08 | 20.05.08 |
| 08-065 Þingskálavegur (268), Rangárvallavegur - Heiði | 07.04.08 | 22.04.08 |
| 08-048 Yfirlagnir Suðvestursvæði 2008, „repave“ | 07.04.08 | 22.04.08 |
| 08-049 Yfirlagnir Suðvestursvæði 2008, malbik | 07.04.08 | 22.04.08 |
| 08-050 Grassláttur á Suðvestursvæði 2008-2010 | 07.04.08 | 22.04.08 |
| 08-047 Vetrarþjónusta Suðvestursvæði 2008-2013 | 07.04.08 | 22.04.08 |

| Auglýst útboð, framhald | Auglýst: | Opnað: |
|---|---|---|
| 08-003 Knarrarbergsvegur (8490), Veigastaðavegur - Leifsstaðavegur | 31.03.08 | 15.04.08 |
| 08-038 Yfirlagnir Norðaustursvæði 2008-2009, austurhluti, klæðing | 31.03.08 | 15.04.08 |
| 07-086 Strandavegur (643), Geirmundarstaðavegur - Hálsgata | 31.03.08 | 15.04.08 |
| 08-027 Búrfellsvegur (351), Biskupstungnabraut - Klausturhólar | 31.03.08 | 15.04.08 |
| 08-028 Vegir undir Eyjafjöllum; Skálavegur (246), Skógar (2288) Mýrdalsjökulsvegur (222) | 31.03.08 | 15.04.08 |
| 08-043 Festun og yfirlögn á Norðvestursvæði 2008-2009 | 17.03.08 | 22.04.08 |
| 08-053 Reykjanesbraut (41), gatnamót við Vífilsstaðaveg | 10.03.08 | 15.04.08 |

| Útboð á samningaborði | Auglýst: | Opnað: |
|---|---|---|
| 08-058 Reykjanesbraut (41), breikkun, Strandarheiði - Njarðvíkf, endurútboð | 17.03.08 | 08.04.08 |
| 08-037 Efnisvinnsla Norðaustursvæði 2008-2009, norðurhluti | 17.03.08 | 01.04.08 |
| 08-004 Dagverðareyrarvegur (816), Hringvegur - Helluland | 17.03.08 | 01.04.08 |
| 08-001 Hringvegur (1), brú á Rangá hjá Flúðum | 28.01.08 | 19.02.08 |

| Samningum lokið | Opnað: | Samið: |
|---|---|---|
| 07-010 Leirársveitarvegur (504), Leirá - Svínadalsvegur *Borgarverk ehf.* | 26.02.08 | 02.04.08 |
| 07-085 Óshlíðargöng, eftirlit *Línuhönnun hf., Geotek* | 15.01.08 | 08.04.08 |
| 07-062 Óshlíðargöng *Íslenskir aðalverktakar, Marti Contractors* | 22.01.08 | 08.04.08 |

## Málþing um Evrópustaðla fyrir malbik

Vegagerðin í samstarfi við Nýsköpunarmiðstöð Íslands stendur fyrir málþingi um upptöku Evrópustaðla fyrir malbik. Erindi flytja nefndarmenn í CEN/TC 227/ WG1 (Road materials – bituminous mixtures).

Evrópustaðlar fyrir malbik tóku gildi 1. mars síðastliðinn í aðildarlöndum EES. Málþingið er ætlað malbiksframleiðendum, verktökum, veghönnuðum, eftirlitsmönnum í vegagerð og öðrum sem vilja kynna sér nýju malbiksstaðlana enVegagerðin vinnur nú að því að samræma verklýsingar í vegagerð Evrópustöðlunum.

Málþingið fer fram á Radisson SAS Hótel Sögu þann 18. apríl 2008 kl. 8:30-12:00 og eru hagsmunaaðilar hvattir til að mæta. Þátttökugjald kr. 2.000 verður innheimt við innganginn en reikningur verður sendur ef þess er óskað.

Þátttöku skal tilkynna til Péturs Péturssonar á Nýsköpunarmiðstöð Íslands (petur.p@nmi.is) eða til Gunnars Bjarnasonar Vegagerðinni (gbj@vegag.is)

## Auglýsingar útboða

### Landeyjahöfn, hafnar- og vegagerð 08-063

Siglingastofnun og Vegagerðin óska eftir tilboðum í gerð tveggja um 700 metra langra hafnargarða Landeyjahafnar, gerð 11,8 km Bakkafjöruvegar (254) frá Hringvegi (1) að Landeyjahöfn, byggingu 20 m langrar brúar á Ála, rekstur 120 m stálþils, gerð vegtengingar frá Bakkafjöruvegi að Bakkaflugvelli og gerð 3,9 km sjóvarnar- og varnargarða í Bakkafjöru.

Helstu magntölur eru:

-Hafnargerð:

| | |
|---|---|
| Grjót og sprengdur kjarni úr námu á Seljalandsheiði | 580.000 $m^3$ |
| Stálþilsrekstur og stagfestingar | 125 m |
| Uppmokstur úr hafnarkví í -3,0 m | 55.000 $m^3$ |

-Vegagerð og varnargarðar meðfram Markarfljóti:

| | |
|---|---|
| Mölun | 36.000 $m^3$ |
| Fyllingarefni úr námum | 190.000 $m^3$ |
| Fláafleygar | 100.000 $m^3$ |
| Neðra burðarlag | 76.000 $m^3$ |
| Efra burðarlag | 27.000 $m^3$ |
| Klæðing | 123.000 $m^2$ |
| Ýting á lausu efni í grjótgarða | 74.000 $m^3$ |
| Grjótvörn á veg og varnargarða við Markarfljót | 28.000 m3 |
| Brú | 20 m |

Gerð varnargarða við Ála og Markarfljót skal lokið 1. nóvember 2008. Gerð brúar á Ála skal lokið 1. apríl 2009. Uppmokstur úr hafnarkví skal lokið 1. júlí 2009. Verkinu skal að fullu lokið þann 1. júlí 2010.

Útboðsgögn fást keypt á Siglingastofnun, Vesturvör 2, 200 Kópavogur, í móttöku Vegagerðarinnar Borgartúni 7, 105 Reykjavík og á skrifstofu Vegagerðarinnar á Selfossi, Breiðumýri 2, 800 Selfoss. Verð útboðsgagna er kr. 8.000.

Útboðið er einnig auglýst á Evrópska efnahagssvæðinu.

Tilboðum skal skila til Siglingastofnunar Vesturvör 2, 200 Kópavogur, fyrir kl. 11:00 fimmtudaginn 5. júní 2008 og verða tilboðin opnuð á sama stað að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

VEGAGERÐIN

## Niðurstöður útboða

### Reykjanesbraut (41), breikkun Strandarheiði - Njarðvík, endurútboð 08-058

Tilboð opnuð þriðjudaginn 8. apríl 2008. Tvöföldun Reykjanesbrautar, frá Strandarheiði að Njarðvík ásamt frágangi við vegamót Vogavegar, Grindavíkurvegar, Stapahverfis og Njarðvíkurvegar með tilheyrandi römpum, hringtorgum og þvervegum.

Ljúka skal tvöföldun Reykjanesbrautar þar sem fyrri verktaki sagði sig frá verkinu. Á útboðskaflanum er ýmist búið að ljúka fyllingum, leggja neðra eða efra burðarlag eða leggja eitt eða tvö malbikslög. Ljúka skal við nýja syðri akbraut, ljúka fyllingum að brúm, frágangi fláa ásamt nauðsynlegri landmótun til að ljúka verkinu.

Helstu magntölur eru:

| | |
|---|---|
| Bergskering | 14.500 $m^3$ |
| Fylling | 35.000 $m^3$ |
| Fláafleygar | 15.000 $m^3$ |
| Ónothæft efni á losunarstað | 25.000 $m^3$ |
| Neðra burðarlag | 23.000 $m^3$ |
| Efra burðarlag | 23.000 $m^3$ |
| Malbik | 200.400 $m^2$ |
| Frágangur fláa | 95.000 $m^2$ |

Útboðskaflinn skal vera opinn almennri umferð, á báðum akbrautum, frá 16. október 2008. Verkinu öllu skal að fullu lokið fyrir 1. júní 2009.

| nr. | Bjóðandi | Tilboð (kr.) | Hlutfall (%) | Frávik (þús.kr.) |
|---|---|---|---|---|
| 7 | Malbikunarstöðin Hlaðbær-Colas hf. | 969.476.470 | 125,9 | 270.676 |
| 6 | Íslenskir aðalverktakar hf., Reykjavík | 955.144.000 | 124,0 | 256.344 |
| 5 | Glaumur og Árni Helgason | 917.768.100 | 119,2 | 218.968 |
| 4 | Loftorka ehf., Reykjavík og Suðurverk hf., Hafnarfirði | 847.279.900 | 110,0 | 148.480 |
| 3 | Háfell ehf., Reykjavík | 841.841.841 | 109,3 | 143.042 |
| 2 | Ístak hf., Reykjavík | 807.129.603 | 104,8 | 108.330 |
| --- | Áætlaður verktakakostnaður | 770.000.000 | 100,0 | 71.200 |
| 1 | Adakris uab. / Toppverktakar ehf. | 698.800.000 | 90,8 | 0 |